



Alþingi
Erindi nr. Þ 139/1180
komudagur 28.1.2011

Gára ehf.

-agents and shipbrokers-

Bæjarhrauni 2, IS-220 Hafnarfjörður, Iceland

Telephone no. +354-581-1688, Telefax no. +354-581-1685

e-mail: gara@centrum.is

28. janúar 2011

ALÞINGI,
efnahags – og viðskiptanefnd,
b.t. skjalaskráningar nefndasviðs, (nefndasvid@althingi.is)
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Efni : Umsögn um 359. mál – Frumvarp til laga um farþegagjald og gistináttagjald.

Gára ehf. starfar m.a. sem umboðsmaður fyrir erlendar útgerðir skemmtiferðaskipa sem koma hingað til lands. Áætla má að markaðshlutdeild Gáru sé á milli 10 og 15%. Gára hefur starfað að þessu frá stofnun, árið 1993, og starfsmenn fyrir-tækisins í upb. 20 ár að auki.

Ekki er ætlunin að fjalla hér um kosti eða galla þess að innheimta gjald sem þetta, heldur benda á atriði sem mér sýnist nauðsynlegt að lagfæra, þannig að endanleg útgáfa laganna verði skýr og auðveld að vinna eftir.

Almennt:

Í frumvarpinu og greinargerð er rætt um farþegaskip og skemmtiferðaskip. Hvaða greinarmunur er gerður, ef einhver, á þessum 2 gerðum skipa?

2. grein: "Farþegagjalds skal getið í verði farseðils.....". Erlend skemmtiferðaskip sem hingað koma gefa að öllu jöfnu ekki út sér farseðla, og munu nokkuð örugglega ekki geta séríslensks farþegagjalds í skjölum sínum til viðskiptavina sinna, og munu því líklega ekki geta uppfyllt þessa væntanlega lagaskyldu.

6. grein: Í lagafrumvarpinu segir að farþegagjald skuli innheimta vegna farþega með farþegaskipum sem ferðast FRÁ landinu, miðað við vegalengd til næstu (erlendu) hafnar. Í athugasemdunum virðist vera gert ráð fyrir því að einnig verði innheimt gjald vegna siglinga skipanna frá einni höfn til annarar innanlands. Hér þarf að koma málum á hreint um við hvað sé átt. Skemmtiferðaskip sem hingað koma hefja venjulega för sína erlendis og litið er á það sem eina samfellda ferð, þar til komið er aftur á upphafshöfn og farþegar fara frá borði aftur. Þetta er óháð því til hversu margra hafna skipið mun koma við á í för sinni.

Ég hef sett upp í eftirfarandi töflur, þrjár ferðir skemmtiferðaskipa og útreikning farþegagjalds, samkvæmt því sem mér sýnist vera ætlast til skv. frumvarpinu og athugasemdum með því:

Tafla A – sama fólkíð til og frá landinu

A	850	farþegar		
Frá	Til	Km.	Taxti	Alls kr.
Vestmannaeyjar	Reykjavík	207	65	55.250
Reykjavík	Grundarfjörður	185	65	55.250
Grundarfjörður	Ísafjörður	207	65	55.250
Ísafjörður	Akureyri	311	65	55.250
Akureyri	Húsavík	107	65	55.250
Húsavík	Seyðisfjörður	313	65	55.250
Seyðisfjörður	Bremerhaven	1837	195	165.750
Farþegagjöld alls.				497.250

Tafla B – sama fólkíð til og frá landinu

B	850	farþegar		
Frá	Til	Km.	Taxti	Alls kr.
Reykjavík	Akureyrar	600	130	78.000
Akureyri	Bremerhaven	2207	260	221.000
Farþegagjöld alls				299.000

Tafla C – sama fólkíð til og frá Reykjavík

C	850	farþegar	í hringferð	
Frá	Til	Km.	Taxti	Alls kr.
Reykjavík	Grundarfjörður	185	65	55.250
Grundarfjörður	Grimsey	441	65	55.250
Grimsey	Akureyri	98	65	55.250
Akureyri	Ísafjörður	311	65	55.250
Ísafjörður	Vestmannaeyjar	494	65	55.250
Vestmannaeyjar	Reykjavík	207	65	55.250
Farþegagjöld alls				331.500

Þetta tilbúna skip mun væntanlega greiða að auki upp. 800.000 krónur til ríkisins í formi tollafgreiðslu – og vitagjalda, auk hafnargjalda.

Ég hef til fróðleiks áætlað gjöld vegna stórs skips sem fyrirhugað er að komi hingað til lands í september á leið sinni frá Evrópu til Bandaríkjanna. Það hefur verið aukning í því að skip sem eru að flytja sig á milli heimsálfa komi við á Íslandi á leiðinni. Ég kvíði því að þurfa að tilkynna útgerðinni um þessa nýju gjaldtöku.

Tafla D – skip á leið frá Evrópu til Ameríku

D	2500	farþegar		
Frá	Til	Km.	Taxti	Alls kr.
Reykjavík	St. John' s	2636	260	650.000
Farþegagjöld alls				650.000

Þetta skip mun greiða upp. 3,5 milljónir til ríkisins í formi tollafgreiðslu og vitagjalda auk upp. 5,5 milljóna til Reykjavíkurfagnar.

Hér er um verulegar fjárhæðir að ræða, og má geta þess að siglingum skemmtiferðaskipa hefur verið breytt, eða ferðir felldar niður vegna óvæntra eða hárra gjalda sem lögð hafa verið á skipin.

Ferðum skipanna er stundum breytt, höfnum bætt við, eða felldar niður t.d. vegna veðurs eða annarra aðstæðna. Ennfremur má alltaf búast við því að einhverjir farþegar fari af skipi hér á landi, og að aðrir komi um borð. Oft fara farþegar líka af skipi í Reykjavík og fara með rútu yfir hálendið og aftur um borð í skipið á Akureyri. Flækjustigið er því mikið og miðað við uppsetningu gjaldskrárinnar má búast við að nokkuð oft þurfi að koma til eftirá leiðréttinga á gjaldinu.


Mér sýnist að einfaldari framkvæmd verði sú að innheimta eingöngu gjald þetta, í sinni endanlegu mynd, miðað við fjölda farþega við komu skips til landsins, enda fara þá tollverðir um borð og ganga frá öllum skýrslum og pappírnum vegna komu skips til landsins. Hugsanlega mætti ganga frá þessu í brottfararhöfn.

Tollstjóra er ætlað að innheimta gjaldið vegna farþegaskipa og skila skal gjaldinu til ríkissjóðs eigi síðar en 15. dag næsta almanaksánaðar eftir brottför. Reikningar tollstjóra berast í dag allt að 4 vikum eftir brottför skipa og eru með eindaga upp. 3 vikum seinna. Umboðsmenn skipa þurfa síðan að innheimta þessar upphæðir hjá útgerðum skipanna. Miðað við það að endanleg upphæð farþegagjaldsins verður ekki ljós fyrr en við brottför skipsins, er þessi frestur til reikningagerðar og innheimtu allt of skammur.

Gildistaka.

Gert er ráð fyrir því að lögin taka gildi 1. september 2011. Siglingar skemmtiferðaskipa eru skipulagðar langt fram í tímann. Það tímabil sem skipin koma á til landsins er sífellt að lengjast. Í september á þessu ári eru áætluð um 15 skemmtiferðaskip til landsins. Óþénugt er að þessi gjaldtaka hefjist áður en þessu tímabili er lokið, og betra að gjaldtaka hefjist ekki fyrr en t.d. 1. október eða um næstu áramót.

Virðingarfyllt,



Sigvaldi Hrafn Jósafatsson